

# STARFSLEYFI

UST202207-120

Hreinsistöð við jarðvarmavirkjun

Orka náttúrunnar ohf.

Hellisheiðarvirkjun

Lögheimili: Bæjarhálsi 1, 110 Reykjavík

Kt: 471119-0830

## 1 ALMENN ÁKVÆÐI

### 1.1 Rekstraraðili

Starfsleyfi þetta gildir fyrir hreinsistöð Orku náttúrunnar ohf. fyrir útblástur frá Hellisheiðarvirkjun. Orka náttúrunnar ohf. er hér eftir nefnd rekstraraðili.

Komi nýr aðili að rekstrinum er hægt að sækja um að starfsleyfið verði fært yfir á hann, án þess að gefið verði út nýtt starfsleyfi. Með umsókninni skulu fylgja gögn sem sýna fram á að rekstraraðilinn hafi tekið við rekstrinum. Verði gerð breyting á nafni rekstraraðila ber honum að tilkynna Umhverfisstofnun slíka breytingu.

Rekstraraðili getur falið verktaka með öll tilskilin opinber leyfi að annast verk fyrir sig. Rekstraraðili ábyrgist þó áfram að ákvæðum starfsleyfisins sé framfylgt. Rekstraraðila ber að uppfylla gildandi lög og reglugerðir og haga starfsemi í samræmi við gildandi skipulagsáætlanir.

### 1.2 Umfang starfseminnar

Rekstraraðila er heimilt að reka hreinsistöð fyrir útblástur frá Hellisheiðarvirkjun. Heimilað er að fanga allt að 36.000 tonn af koltvísýringi (CO<sub>2</sub>) og allt að 11.000 tonn af brennisteinsvetni (H<sub>2</sub>S) á ári, eða því sem nemur afkastagetu hreinsistöðvarinnar, sé hún meiri. Mannvirki sem tengjast starfseminni eru hreinsistöðin sjálf, þvottaturn og lagnir með gas- og vatnsstraumum frá virkjun að hreinsistöð ásamt lögn með gasríku vatni frá hreinsistöð að niðurdælingarholum í Húsmúla.

### 1.3 Eftirlit

Umhverfisstofnun hefur eftirlit með starfsemi rekstraraðila í samræmi við XIV. kafla laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og X. kafla reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Tímabilið milli tveggja vettvangsheimsóknna við eftirlit skal byggt á áhættumati, sbr. 54. gr. laga nr. 7/1998 og 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018. Eftirlit felst í umsjón með lögbundnum skilum, yfirferð og mati á gögnum. Jafnframt felst eftirlit í yfirferð gagna og reglubundinni skoðun á vettvangi, móttöku athugasemda og fyrirspurna. Eftirlitsaðili tekur saman skýrslur um eftirlit. Skýrslan skal vera gerð aðgengileg á vefsíðu Umhverfisstofnunar, á vefsvæði rekstraraðila, eftir að rekstraraðili hefur fengið tækifæri til að koma að athugasemdum og brugðist hefur verið við þeim. Athugasemdirnar skulu eftir atvikum birtar með skýrslunni.

Fylgi rekstraraðili ekki ákvæðum starfsleyfis, laga og reglugerða á sviði starfseminnar er eftirlitsaðila heimilt að beita úrræðum skv. gr. 1.7 og gildandi lögum og reglugerðum.

Viðbótareftirlit getur farið fram m.a. vegna nýs búnaðar, til rannsóknar á alvarlegum ábendingum vegna umhverfisins, alvarlegum umhverfisslysum, óhöppum og tilvikum þar sem reglum er ekki fylgt eða sérstakra úttekta vegna áætlana sem rekstraraðili hefur gert um úrbætur.

Eftirlitsaðila skal heimill aðgangur til skoðunar og eftirlits, þar á meðal töku sýna og myndatöku, sbr. 62. gr. laga nr. 7/1998.

#### 1.4 Breytingar á rekstri

Rekstraraðili skal veita útgefanda starfsleyfis upplýsingar um fyrirhugaðar breytingar á rekstri með góðum fyrirvara áður en ráðist verður í þær, sbr. 1. mgr. 14. gr. laga nr. 7/1998 og 1. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 550/2018. Á grundvelli þeirra metur stofnunin hvort nauðsynlegt sé að endurskoða starfsleyfið.

Breytingin skal vera í samræmi við matsskylduákvörðun Skipulagsstofnunar eða álit Skipulagsstofnunar um umhverfismat framkvæmdar, sbr. lög nr. 111/2021, um umhverfismat framkvæmda og áætlana, ef við á.

#### 1.5 Gangsetning og stöðvun rekstrar (lokun)

Áætlun skal vera til staðar til að bregðast við verði rekstri hætt, tímabundið eða varanlega, eða reksturinn stöðvast óvænt. Annars vegar skal þar fjallað um tímabundna rekstrarstöðvun og hins vegar um varanlega rekstrarstöðvun. Í áætlun skal m.a. gera grein fyrir hvernig gengið skuli frá úrgangi, afurðum, efname, búnaði, húsnæði, tækjum, rekstrarsvæði og lögnum verði ráðstafað á viðurkenndan hátt.

Tilkynna á eftirlitsaðila þegar hreinsistöðin er ekki starfsemi í meira en 12 klukkustundir og til hvaða aðgerða er gripið til varðandi útblástur gastegunda á meðan. Kappkosta skal við að hafa hreinsistöðina í rekstri. Stöðvist hreinsistöðin alveg skal þegar í stað virkjust áætlun þar sem losun gastegunda frá hreinsistöðinni er mæld.

Gera skal Umhverfisstofnun og Heilbrigðiseftirliti Suðurlands viðvart um stöðvun og gangsetningu starfseminnar. Hvort sem rekstur stöðvast varanlega eða vegna tilfallandi vinnslustöðvunar skal alltaf lágmarka möguleg mengunaráhrif.

Varanleg rekstrarstöðvun skal tilkynnt eftirlitsaðila með a.m.k. þriggja mánaða fyrirvara eða þegar ákvörðun liggur fyrir. Þá skal tilkynna um það ef reksturinn hefur verið stórlega skertur, þó ekki sé talin þörf á að virkja áætlanirnar. Bilanir og viðhald telst ekki stórlega skertur rekstur.

#### 1.6 Endurskoðun starfsleyfis

Endurskoða skal starfsleyfið reglulega, sbr. 15. gr. laga nr. 7/1998 og 14. gr. reglugerðar nr. 550/2018. Umhverfisstofnun er heimilt að endurskoða og breyta starfsleyfi áður en gildistími þess er liðinn vegna breyttra forsendna, sbr. 2. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998 og 2. mgr. 5. gr. reglugerðar nr. 550/2018, sbr. einnig 14. og 15. gr. laga nr. 7/1998.

Umhverfisstofnun er einnig skylt, eða eftir atvikum heimilt, að endurskoða starfsleyfið, meðal annars í eftirfarandi tilfellum:

- Ef rekstraraðili breytir rekstrinum með þeim hætti að tilkynningaskylt er sbr. gr. 1.4.
- Þegar mengun af völdum stöðvar er slík að nauðsynlegt reynist að endurskoða gildandi viðmiðunarmörk fyrir losun sem tilgreind eru í starfsleyfi eða láta ný viðmiðunarmörk koma fram í starfsleyfinu.
- Þegar nota þarf aðra tækni vegna rekstraröryggis.
- Þegar nauðsynlegt er að fara að nýjum eða endurskoðuðum umhverfisgæðastöðlum í samræmi við 11. gr. reglugerðar nr. 550/2018.
- Ef breytingar verða á bestu aðgengilegu tækni sem gera það kleift að draga umtalsvert úr losun mengunarefna. Ef breytingar verða á viðmiði um bestu aðgengilegu tækni (BAT) skal rekstraraðili senda

útgefanda starfsleyfis, skv. beiðni útgefandans, tímasetta áætlun um með hvaða hætti hann hyggist taka upp hina nýju tækni en rökstyðji annars að honum sé það ekki mögulegt.

- Ef breytingar verða á lögum eða reglum um mengunarvarnir eða annað sem snertir reksturinn.
- Ef mengun af völdum atvinnurekstrarins er meiri en búist var við þegar leyfið var gefið út.
- Ef breyting verður á skipulagi.

Rekstraraðila er ætíð skylt að fara að gildandi lögum og reglugerðum, sbr. gr. 1.1, jafnvel þótt starfsleyfið hafi ekki verið endurskoðað.

Rekstraraðili skal, sé þess óskað af útgefanda starfsleyfis, leggja fram allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að endurskoða starfsleyfisskilyrðin.

### 1.7 Valdsvið, viðurlög og þvingunarúrræði

Rekstraraðili skal uppfylla skyldur þær er koma fram í 40. gr. laga nr. 7/1998. Ef frávik verða skal rekstraraðili upplýsa eftirlitsaðila tafarlaust um það og grípa tafarlaust til nauðsynlegra ráðstafana til að tryggja að öllum kröfum vegna starfseminnar sé framfylgt eins fljótt og auðið er.

Fylgi rekstraraðili ekki ákvæðum starfsleyfis, ákvæðum laga og reglugerða á starfssviði sínu eða fyrirmælum eftirlitsaðila um úrbætur getur eftirlitsaðili beitt ákvæðum XVII. kafla í lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir til að knýja fram úrbætur.

Stofnuninni er m.a. heimilt að veita áminningu og hæfilegan frest til úrbóta, ákveða rekstraraðila dagsektir og stöðva starfsemi eða takmarka hana til bráðabirgða, sé um alvarlega hættu, alvarleg tilvik eða ítrekað brot að ræða eða ef úrbótum er ekki sinnt innan tiltekins frests.

Umhverfisstofnun getur lagt á stjórnvaldssektir sbr. 67. gr. laga nr. 7/1998.

### 1.8 Upplýsingaréttur almennings

Almenningur á rétt á aðgengi að upplýsingum um starfsleyfi, starfsleyfisumsókn og upplýsingum um mengunareftirlit í samræmi við 6. gr. og IV. viðauka reglugerðar nr. 550/2018.

Umhverfisstofnun birtir eftirlitsniðurstöður samkvæmt gr. 1.3. og 1.7 opinberlega. Birtingin er á vefsíðu stofnunarinnar eða með öðrum aðgengilegum hætti. Að öðru leyti vísast til upplýsingastefnu stofnunarinnar.

### 1.9 Umhverfisábyrgð

Rekstraraðili ber ábyrgð á umhverfistjóni eða yfirvofandi hættu á slíku tjóni af völdum atvinnustarfsemi sbr. lög nr. 55/2012, um umhverfisábyrgð og skal koma í veg fyrir tjón eða bæta úr tjóni ef það hefur orðið og bera kostnað af ráðstöfunum sem af því leiðir.

Rekstraraðili skal þegar í stað grípa til nauðsynlegra varnarráðstafana vegna yfirvofandi hættu á umhverfistjóni sem rekja má til starfsemi hans. Ef umhverfistjón verður skal rekstraraðili þegar í stað hefja aðgerðir til að takmarka tjón eða afstýra frekara tjóni.

Rekstraraðili skal þegar í stað tilkynna eftirlitsaðila Umhverfisstofnunar um umhverfistjón eða yfirvofandi hættu á umhverfistjóni sem rekja má til starfsemi hans og upplýsa um alla þætti sem máli skipta. Jafnframt skal rekstraraðili setja fram og senda Umhverfisstofnun áætlun um úrbætur vegna umhverfistjóns sem þegar er orðið.

## 2 STARFSHÆTTIR

### 2.1 Starfshættir og umhverfismarkmið

Rekstraraðili skal beita góðum starfsreglum við rekstur stöðvarinnar. Rekstraraðili skal tryggja eins og best verður á kosið með markvissum vinnubrögðum að halda mengun lofts og lagar í lágmarki. Gerðar skulu nauðsynlegar ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir mengunaróhöpp og draga úr afleiðingum þeirra. Viðhald á mengunarvarnabúnaði skal vera fyrirbyggjandi.

Rekstraraðili skal setja sér umhverfismarkmið og starfa samkvæmt þeim og skulu þau endurskoðuð á a.m.k. fjögurra ára fresti. Ef umhverfismarkmið eru hluti af umhverfisstjórnunarkerfi rekstraraðila er fullnægjandi að vísa til þeirra.

### 2.2 Samskipti og samráð

Sérstakur fulltrúi rekstraraðila skal vera tengiliður við eftirlitsaðila og ber hann ábyrgð á samskiptum rekstraraðila vegna eftirlits með mengunarvörnum fyrirtækisins og framkvæmd viðbragðsáætlana. Eftirlitsaðili getur haft samband við þennan aðila utan hefðbundins vinnutíma ef þörf krefur. Tilkynna skal Umhverfisstofnun ef breyting verður á tengilið og/eða tengiliðsupplýsingum.

### 2.3 Verkstjórn og takmörkun aðgangs

Tryggja skal að starfsfólk hafi fullnægjandi þekkingu á eitrunarhættu og eiginleikum þeirra efna sem það gæti komist í tæri við og skulu upplýsingar þar að lútandi ávallt vera tiltækar á vinnustað. Starfsfólk skal vera þjálfað til að bregðast við mengunaróhöppum og hafa viðeigandi þjálfun á tæki og öryggisbúnað stöðvarinnar.

Rekstraraðili er skylt að ganga vel um og skal hann halda rekstrarsvæði sínu snyrtilegu. Rekstraraðili skal sýna ýtrustu varúð þannig að jarðvegi verði ekki spillt með mengun, sbr. reglugerð nr. 1400/2020 um mengaðan jarðveg. Rekstraraðila er skylt að ganga þannig frá olíubirgðum, olíuúrgangi, eiturefnum, mengandi efnum og hættulegum efnum að ekki sé hætt á að þessi efni berist út í umhverfið, í sjó, í yfirborðsvatn eða í grunnvatn. Fylgja skal ákvæðum reglugerðar nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi.

Eftirlitsaðili getur krafist lagfæringa og viðgerða á lóð, girðingu eða öðrum mannvirkjum ef nauðsynlegt þykir til þrifnaðar eða ef ástand þeirra er til lýtis fyrir umhverfið.

Takmarka skal aðgang óviðkomandi að vinnusvæði þannig að almenningi stafi ekki hættu af starfsemi.

### 2.4 Umhverfisstjórnunarkerfi

Rekstraraðili skal vinna eftir umhverfisstjórnunarkerfi. Rekstraraðili getur tekið þátt í ISO 14001, eða í umhverfisstjórnunarkerfi ESB, sbr. reglugerð nr. 344/2013 um frjálsa þátttöku fyrirtækja og stofnana í umhverfisstjórnunarkerfi Evrópusambandsins (EMAS) eða öðru kerfi sem uppfyllir að mati eftirlitsaðila kröfur um umhverfisstjórnunarkerfi.

### 2.5 Viðbrögð og tilkynningar vegna mengunaróhappa

Verði óhapp eða annað atvik sem getur haft í för með sér losun mengandi efna út í umhverfið skal þegar í stað grípa til aðgerða til að koma í veg fyrir útbreiðslu mengunarefna til að fyrirbyggja að mengun valdi skaða á umhverfinu og heilsu manna. Rekstraraðila ber að hreinsa þá mengun sem kann að verða við óhöpp eða önnur atvik, á sinn kostnað. Eftirlitsaðila er heimilt, ef þörf er á, að óska eftir upplýsingum um önnur sérstök atvik í rekstri sem geta haft í för með sér aukna mengun.

Rekstraraðili skal fara yfir öll óhöpp og önnur atvik sem hafa í för með sér losun mengandi efna út í umhverfið og gera ráðstafanir sem miða að því að hindra að sambærileg atvik endurtaki sig. Eftirlitsaðili skal upplýstur um slíkar ráðstafanir.

Ef óhapp verður sem þarfnast tafarlausra aðgerða skal hafa samband við Neyðarlínuna 112.

Tilkynna skal eftirlitsaðila um mengunaróhapp eins fljótt og mögulegt er (á netfangið [ust@ust.is](mailto:ust@ust.is)). Jafnframt skal heilbrigðisnefnd upplýst um óhappið. Greina skal eftirlitsaðila frá því ef hætta er talin á neikvæðum afleiðingum fyrir umhverfið og heilsu manna.

## 2.6 Mælingar

Eftirlitsaðili getur, telji hann ástæðu til, farið fram á tíðari mengunarmælingar eða efnagreiningar en starfsleyfið gerir ráð fyrir eða heimilað að dregið verði úr tíðni mælinga eftir því sem við á.

Ákvörðun um að draga úr tíðni mælinga skal þó ekki tekin nema eitthvert eftirfarandi skilyrða sé fyrir hendi:

- Mælingar hafi sýnt með sannfærandi hætti að mengunarþáttur er óverulegur.
- Mælingum hafi áður verið fjölgað umfram þær sem starfsleyfið tilgreinir, og ekki talin þörf á þeim áfram að mati eftirlitsaðila.
- Sýnt hafi verið fram á að nota megi aðrar aðferðir en mælingar við mat á losun og vöktun.

# 3 VARNIR GEGN MENGUN YTRA UMHVERFIS

## 3.1 Mengunarvarnir

Rekstraraðila ber að uppfylla gildandi lög og reglugerðir á starfssviði sínu og tryggja að starfsemi hans sé rekin í samræmi við meginreglur 38. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Ef fram kemur skilgreining á bestu aðgengilegu tækni (BAT) við mengunarvarnir og orkunýtingu skal rekstraraðili vinna í samræmi við það. Þegar aðferðum er beitt við mengunarvarnir sem valda því að mengun færast á milli andrúmslofts, vatns og jarðvegs skal lágmarka neikvæð áhrif á umhverfið. Ef fram koma niðurstöður um bestu aðgengilegu tækni skulu þær taka gildi og innleiddar samkvæmt gr. 1.6.

## 3.2 Efni og lekavarnir og meðhöndlun úrgangs og spilliefna

Undir rafspennum skal vera til staðar nægilega stór þró, safnkar eða önnur fullnægjandi lekavörn til að taka við olíu ef leki verður frá spenninum. Séu þurrspennar notaðir, sem ekki eru háðir olíu, er ekki þörf á þeirri lekavörn. Lekabyttur eða olúgildir skulu vera á öðrum stöðum þar sem olía er notuð, t.d. á gírurum gasþjappa, og skal hún ekki vera minni en sem nemur olíuþörf gíranna og að lágmarki 120 L. Skila skal olíu og öðrum spilliefnum til viðurkenndrar spilliefnamóttöku.

Lekavarnir skulu vera fyrir hendi vegna meðhöndlunar á spilliefnum sem stjórnumerkt eru í reglugerð nr. 1040/2016.

Draga skal skipulega úr myndun úrgangs. Rekstraraðili skal flokka úrgang, hvort sem um er að ræða rekstrarúrgang eða heimilisérgang, sbr. 10. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs. Öllum úrgangi skal skilað á viðurkennda móttökustöð fyrir úrgang, sbr. 9. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs. Þá skal draga úr soun og skal nýting á vatni vera eins góð og kostur er. Aðföng og orku skal nýta á sem bestan hátt ásamt því að lágmarka neikvæð umhverfisáhrif.

Skrá skal spilliefni sem myndast í hreinsistöðinni í samræmi við 11. gr. reglugerðar nr. 806/1999 um spilliefni. Þá skal tryggt að starfsmenn hafi þekkingu á geymslu og meðhöndlun spilliefna og mögulegri hættu sem af þeim

getur stafað. Skila skal þeim spilliefnum sem verða til við vinnsluna eða starfsemi sem tengist henni til viðurkenndrar spilliefnamóttöku. Ávallt skal gæta þess að ekki safnist upp birgðir af spilliefnum. Rekstraraðila er óheimilt að nota íblöndunarefni í kæliturna hreinsistöðvarinnar nema með leyfi eftirlitsaðila.

### 3.3 Hávaði

Rekstraraðili skal draga úr hávaða frá verksmiðjunni eins og kostur er og tryggja að hávaði frá starfseminni sé í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 724/2008 um hávaða og töflu III í viðauka sömu reglugerðar. Hávaði við húsvegg utan vinnusvæðis rekstraraðila skal ekki fara yfir 70 dB(A)<sub>L<sub>Aeq</sub></sub> á iðnaðarsvæðinu.

### 3.4 Efnanotkun, öryggisblöð og skiptireglan

Rekstraraðili skal vinna samkvæmt efnalögum nr. 61/2013 og reglugerð nr. 888/2015 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (REACH), sem og öðrum reglugerðum sem gilda um efni og efnablöndur. Við alla efnameðferð skal gæta þess að öryggisblöð séu aðgengileg og uppfærð.

Sé þess kostur skal skipta út efnum og efnablöndum sem geta haft í för með sér óæskileg áhrif á heilsu manna eða skaðað umhverfið fyrir efni sem eru minna skaðleg. Við geymslu og meðhöndlun efna skal takmarka aðgengi og mengunarhættu eins og kostur er. Við mengunaróhöpp skal fylgja viðbragðsáætlun skv. gr. 2.5. Rekstraraðila er skylt að ganga þannig frá mengandi efnum að ekki sé hætt á að þessi efni berist út í umhverfið, yfirborðsvatn eða grunnvatn.

## 4 INNRA EFTIRLIT OG VÖKTUN

### 4.1 Skráningar

Rekstraraðili skal hafa reglulegt eftirlit með umhverfis- og rekstrarþáttum sem geta valdið mengun eða losun efna út í umhverfið. Skrá skal upplýsingar um eftirfarandi atriði og skulu skráningar vera aðgengilegar eftirlitsaðila hvenær sem er:

- Allan úrgang sem til fellur við starfsemina, sbr. reglugerð nr. 1040/2016 um skrá yfir úrgang og mat á hættulegum eiginleikum úrgangs.
- Staðfesting á þjálfun starfsfólks hafi farið fram sbr. gr. 2.3.
- Kvartanir vegna starfseminnar.
- Bilanir og óhöpp sem valdið gætu mengun og viðbrögð við þeim.
- Viðhald og bilanir á búnaði.
- Niðurstöður mælinga sbr. gr. 4.2.

### 4.2 Mælingar og vöktun vegna starfseminnar

Rekstraraðili skal mæla losun gastegunda (CO<sub>2</sub>, H<sub>2</sub>S, CH<sub>4</sub>, N<sub>2</sub> og H<sub>2</sub>) í þvottaturni hreinsistöðvarinnar. Samkvæmt starfsleyfi Orku náttúrunnar ohf. fyrir starfsemi Hellsheiðarvirkjunar skal vakta styrk brennisteinsvetnis í andrúmslofti, annars vegar í þéttbýli og hins vegar á stöðum utan þéttbýlis. Vöktunin á brennisteinsvetni fer því eftir útgefnu starfsleyfi til handa rekstraraðila fyrir rekstur Hellsheiðarvirkjunar og eru niðurstöður vöktunar á brennisteinsvetni aðgengilegar almenningi á vefnum loftgaedi.is. Vegna útblásturs brennisteinsvetnis í andrúmsloft er vísað til umhverfismarkna í viðauka I í reglugerð nr. 514/2010 um styrk brennisteinsvetnis í andrúmslofti.

Auk þess gerir Umhverfisstofnun eftirfarandi kröfur á rekstraraðila,

- Krafa um að tilkynnt sé um þegar starfsemi hreinsistöðvarinnar liggur niðri og að öll frávik tengd rekstri hreinsistöðvarinnar séu skráð og gert grein fyrir í skýrslu sem skila á fyrir 1. maí ár hvert.
- Önnur losun en gaslosun frá þvottaturni hreinsistöðvarinnar er óheimil, þ.m.t öll yfirborðslosun vökva nema um neyðarlosun sé að ræða.
- Halda skal skrá yfir frávik í rekstri hreinsistöðvarinnar og skal hún ávallt vera aðgengileg eftirlitsaðila.
- Hlutfall gass sem er hreinsað í þvottaturninum, til þess að sannreyna afkastagetu hreinsistöðvarinnar, skal mælt árlega.
- Krafa um gasmælingu í þvottaturni hreinsistöðvarinnar á því gasi sem sleppur út úr þvottaturninum og fer síðar út um útblástursop. Bæði þegar hreinsistöðin er á fullum afköstum og þegar rekstur hreinsistöðvarinnar liggur niðri eða er skertur.

### 4.3 Umsjón mælinga

Rekstraraðili skal kosta og ábyrgjast framkvæmd mælinga ef farið er fram á þær auk vöktunar ef ástæða er til að halda að mengun umhverfisins sé yfir mörkum sem gefin eru í starfsleyfi þessu. Mælingar skulu vera í höndum rekstraraðila eða aðila sem rekstraraðili tilnefnir og Umhverfisstofnun samþykkir.

### 4.4 Skýrslur til eftirlitsaðila

Rekstraraðili skal taka saman ársyfirlit og senda til eftirlitsaðila fyrir 1. maí ár hvert fyrir undangengið almanaksár. Í yfirlitinu skulu koma fram niðurstöður mælinga og skráninga, sbr. kröfur í 3. og 4. kafla.

Umhverfisstofnun getur fallist á annað fyrirkomulag á þessum skilum, óski rekstraraðili þess. Rekstraraðila er heimilt að vísa til skýrslu um umhverfisupplýsingar eða ársskýrslu ef þar er að finna ofangreinda samantekt.

### 4.5 Umhverfisupplýsingar

Rekstraraðili skal skila árlega til Umhverfisstofnunar umhverfisupplýsingum um losun mengandi efna frá starfsstöðinni með rafrænum hætti, sbr. 34. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Rekstraraðili ber ábyrgð á þeim upplýsingum sem hann skilar til Umhverfisstofnunar. Rekstraraðila er heimilt að skila umhverfisupplýsingum sameiginlega með ársyfirliti sbr. gr. 4.4 en skilafrestir framlengjast þó ekki við það.

## 5 FLOKKUN STARFSEMI OG GJALDSKYLDA

Starfsemi þessi fellur undir lið 6.9 í viðauka I laga nr. 7/1998 og lið 6.9 í viðauka I reglugerðar nr. 550/2018. Rekstraraðili greiðir Umhverfisstofnun gjald vegna útgáfu starfsleyfisins, eftirlits og beitingu þvingunarúrræða skv. gjaldskrá stofnunarinnar.

## 6 GILDISTAKA

Starfsleyfi þetta, sem er veitt samkvæmt reglugerð nr. 550/2018, um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit, sbr. lög nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, öðlast þegar gildi og gildir til 3.8.2039.

Ákvörðun Umhverfisstofnunar um útgáfu starfsleyfis er kæraneleg til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála innan eins mánaðar frá birtingu ákvörðunar Umhverfisstofnunar skv. 1. mgr. 65. gr. laga nr.

7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, sbr. 4. gr. laga nr. 130/2011, um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála.

**Reykjavík, 3.8.2023**

**Umhverfisstofnun**

**Sigrún Ágústsdóttir**

forstjóri

**Sverrir Aðalsteinn Jónsson**

teymisstjóri



## VIÐAUKI 1

### Yfirlit yfir skiladaga:

Í eftirfarandi ákvæðum starfsleyfisins eru ákveðnir skiladagar tilgreindir:

- Í gr. 2.1 er kveðið á um að rekstraraðili skuli setja sér umhverfismarkmið og þau endurskoðuð a.m.k. á fjögurra ára fresti.
- Í gr. 4.4 er kveðið á um að rekstraraðili sendi ársyfirlit til eftirlitsaðila fyrir 1. maí ár hvert.
- Í gr. 4.5 er kveðið á um að rekstraraðili skuli skila umhverfisupplýsingum árlega.

Sé misræmi á milli þessa viðauka og meginþexta starfsleyfisins gildir meginþextinn.

## Fylgiskjal

### Greinargerð vegna útgáfu á starfsleyfi hreinsistöðvar Orku náttúrunnar ohf., Hellsheiðarvirkjun

#### 1. Almenn

Orka náttúrunnar ohf. (ON) með starfsemi í Hellsheiðarvirkjun, sótti um starfsleyfi fyrir hreinsistöð fyrir jarðvarmavirkjun þann 12.07.2022. Orka náttúrunnar hlaut nýtingarleyfi á jarðhitasvæðinu skv. 6. gr. laga nr. 57/1998 sem gildir til 1. nóvember 2055. Jafnframt er rekstraraðili með nýtingarleyfi á vatnstöku úr grunnvatnsbólínu í Engidal, allt að 2000 L/s. Hreinsistöðinni er ætlað að hreinsa allt að 95% af CO<sub>2</sub> útblæstri virkjunarinnar og 99% af H<sub>2</sub>S útblæstrinum. Verkefnið sem heldur utan um byggingu hreinsistöðvarinnar ber nafnið Silfurberg, og er samstarfsverkefni ON og Carbfix.

Rekstraraðili er með starfsleyfi frá Heilbrigðiseftirliti Suðurlands vegna reksturs jarðvarmavirkjunar, og nýtingarleyfi frá Orkustofnun vegna nýtingar jarðvarma og kalds grunnvatns úr Engidal (2000 L/s). Í nýtingarleyfi fyrir jarðhita sem Orkustofnun hefur gefið út til handa Orku náttúrunnar getur til um losun skiljuvatns og skal rekstraraðili fylgja þeim reglum sem eru listaðar í gr. 5-7 í nýtingarleyfinu. Þar á meðal m.t.t. losunar skiljuvatns á yfirborð og neyðarlosunar.

Samkvæmt I. viðauka laga nr. 70/2012 um loftslagsmál, þurfa aðflutningsspíurnar frá hreinsistöðinni að niðurdælingarsvæðinu í Húsmúla losunarleyfi en þó ekki fyrr en geymslusvæðið sjálft hefur hlotið starfsleyfi. Rekstraraðili mun þurfa að sækja um losunarleyfi til Umhverfisstofnunar.

Umhverfisstofnun auglýsti tillögu að starfsleyfi, sbr. 8. mgr. 6. gr. reglugerðar nr. 550/2018, á tímabilinu 12. júní 2023 til og með 11. júlí 2023. Auglýsingin var birt á vefsíðu Umhverfisstofnunar þann 12. júní sl. ásamt gögnum sem lágu til grundvallar tillögunni. Heimilt var að gera athugasemdir við tillöguna á sama tímabili. Tilkynning um opinbera auglýsingu var send til rekstraraðila, sveitarfélagsins, heilbrigðiseftirlits og á aðra hagsmunaaðila sama dag og hún var birt á vefsíðu Umhverfisstofnunar.

#### 2. Afstaða til mats á umhverfisáhrifum

Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu skv. 19. gr. og liðum 3.10 og 3.20 í viðauka I í lögum nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Rekstraraðili sendi Skipulagsstofnun matsskyldufyrirspurn þann 21. desember 2021. Skipulagsstofnun leitaði umsagna sveitarfélagsins Ölfuss, Hveragerðisbæjar, Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, Orkustofnunar, Umhverfisstofnunar og Vinnueftirlitsins. Umsagnir bárust frá öllum að Orkustofnun undanskilinni.

Ákvörðun Skipulagsstofnunar lá fyrir þann 11. mars 2022 og telur stofnunin framkvæmdina ekki líklega til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, sbr. þau viðmið sem eru tilgreind í Viðauka II, laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Því skuli framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Í umsögn Umhverfisstofnunar við matsskyldufyrirspurn telur Umhverfisstofnun að áhrif framkvæmdarinnar á umhverfið liggi ljós fyrir og að ferli umhverfismats sé í þessu tilfelli ekki til þess fallið að varpa skýrari mynd á áhrif starfseminnar á umhverfið.

#### 3. Athugasemdir við auglýsta tillögu

Engar athugasemdir bárust við tillöguna á auglýsingatíma.

#### 4. Breytingar frá auglýstri tillögu

Orðalagi í grein 5 var breytt í samræmi við nýjustu starfsleyfi stofnunarinnar.

## 5. Gildistaka

Stofnunin hefur tekið ákvörðun um útgáfu á starfsleyfi til handa Orku náttúrunnar ohf. vegna hreinsistöðvar við Hellisheiðarvirkjun. Umhverfisstofnun sendir starfsleyfið til rekstraraðila eftir ákvörðun um útgáfu og undirskrift.